

## Áritun endurskoðenda

*Til stjórnar Þjóðhátíðarsjóðs.*

Við höfum endurskoðað ársreikning Þjóðhátíðarsjóðs fyrir árið 2001. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning og skýringar nr. 1-4. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög, reglur og starfsskyldur. Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fái um að ársreikningurinn sé í öllum meginatriðum án annmarka. Endurskoðunin fólst meðal annars í úrtakskönnunum til að sannreyna fjárhæðir og upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum og einnig athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem beitt er við gerð hans og framsetningu í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstri stofnunarinnar á árinu 2001, efnahag 31. desember 2001 og breytingu á handbæru fé á árinu 2001 í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju.

Ríkisendurskoðun, 20. júní 2002.

Sigurður Þórðarson ríkisendurskoðandi.

### Staðfesting stjórnar

Stjórn Þjóðhátíðarsjóðs staðfestir hér með ársreikning sjóðsins með áritun sinni.

*Reykjavík, 20. júní 2002.*

Stjórn Þjóðhátíðarsjóðs.

**Sigríður Ragna Sigurðardóttir.**

**Rannveig E. Hálfánardóttir.**

**Birgir Ísleifur Gunnarsson.**

**Jónína Michaelsdóttir.**

**Björn Teitsson.**

---

*Sveinbjörn Hafliðason ritari.*

25. júní 2002

Nr. 456

## AUGLÝSING

**um nafn sameinaðs sveitarfélags Húsavíkurkaupstaðar og Reykjahrepps.**

Ráðuneytið hefur í dag staðfest nafn hins sameinaða sveitarfélags sem varð til í umdæmi sýslumannsins á Húsavík hinn 9. júní 2002 við sameiningu Húsavíkurkaupstaðar og Reykjahrepps í eitt sveitarfélag, sbr. auglýsingu nr. 301/2002.

Híð sameinaða sveitarfélag skal heita Húsavíkurbær.

*Félagsmálaráðuneytinu, 25. júní 2002.*

**Páll Pétursson.**

---

*Guðjón Bragason.*